GARÐABÆR

FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ 2015-2016

## LOKASKÝRSLA VERKEFNISINS: FRAMÞRÓUNARÁÆTLUN GARÐASKÓLA: STYRK STJÓRNUN, ÁBYRGIR STARFSMENN

Þróunarverkefni unnið í:

Garðaskóla

Tengiliður vegna verkefnis:

Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri Garðaskóla, brynhildur@gardaskoli.is

**Verkefnið í hnotskurn:** Lykilhópur stjórnenda og sérfræðinga í Garðaskóla tók námskeið í leiðtogafræðum og verkefnastjórnun hjá Dr. Dave Anderson, breskum sérfræðingi í skólaþróun. Með námskeiðinu var ætlunin að hópurinn fengi tækifæri til að rýna í starf og stefnu skólans um leið og starfsmenn tileinkuðu sér hæfni í verkefnastjórnun.

**Markmið verkefnisins** var að þróa aðgerðaráætlun um viðhald starfsþátta í Garðaskóla, rýna í gæði þeirra og gera skýrar áætlanir um úrbætur.

**Ábyrgðarskóli verkefnis:** Garðaskóli

**Þáttakendur:** Skólastjóri skilgreindi lykilhóp starfsmanna til þátttöku í námskeiðum og ráðgjöf hjá Dr. Dave Anderson, breskum sérfræðingi í stjórnun menntastofnana. Í hópnum sátu 10 starfsmann: allir stjórnendur, námsráðgjafar (sem fulltrúar úr Nemendaverndarráði), kennsluráðgjafi í upplýsingamennt, ritari og umsjónarmaður fasteignar. Hópurinn sótti tvö námskeið hjá Dave: tveggja daga námskeið í ágúst 2015 og tveggja daga námskeið í febrúar 2016. Á námskeiðunum kynnti Dave grunnhugtök í leiðtogaþjálfun og voru fræði Steven Covey (Seven habits of highly successful leaders) lögð til grundvallar. Námskeiðin voru verkefnamiðuð, allir þátttakendur voru virkir og meðal þeirra atriða sem þeir töldu sig hafa lært skv. mati í kjölfar námskeiðanna voru t.d.

- góð sjálfskoðun
- hvatning til aukinnar fagmennsku
- meðvitaðri um mikilvægi virkrar hlustunar
- æfðum gott samtalsform, get nýtt það með samstarfsfólki
- ágætt form fyrir aðgerðaráætlanir
- meðvitaðri um skipulag verkefna dagsins, forgangsröðun

**Verkefnisstjóri:** Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla

**Afrakstur námskeiðanna** voru aðgerðaráætlanir um eftirfarandi verkþætti:

| Verkefni | Ábyrgðaraðili | Staða máls í lok júní 2016 |
|---|---|---|
| Hæfnimiðað nám og námsmat | IAA | Stórum áfanga lokið júní 2016 með fyrstu útskrift með hæfnieinkunnum. Næstu skref eru uppfærsla kennsluáætlana og stuðningur við kennara til að gera námsmarkmið sýnilegri og áherslu á hæfni skýrari í daglegu nemenda. Áfram í vinnslu, tengist SKÍN þróunarverkefni með Hofsstaðaskóla. |
| Lestrarstefna garðaskóla | GÞF | Uppgjöri á tveggja ára þróunarverkefni Læsi til náms lokið. Úrbætur á stefnu áfram í vinnslu og áhersla lögð á að efla enn frekar kennslu í lesskilningi og úrræði í kjölfar skimana. |
| Uppbygging upplýsingavers | IAA, HR | Hugmyndavinnu stjórnenda lokið, kynningu til embættismanna lokið, næstu skref eru samþykkt í fjárhagsáætlun 2017 og hugmyndavinna með nemendum, kennurum og öðru starfsfólki. |
| Betri yfirlestur og eftirlit með stundatöflum nemenda | ÁHH | Lokið |
| Upplýsingaflæði | BS | Uppgjöri lokið á breytingum vetrarins: upplýsingatöflur á starfsmannagangi, fréttabréf og vefmiðlar, fundarstjórn og – |

| | | |
|---|---|---|
| | | skipulag. Deildarstjóri verkefna, nýtt starfsheiti, ráðinn fyrir næsta vetur og honum ætlað að þróa enn betur flæði upplýsinga í daglegu starfi. |
| Heilsuefling í Garðaskóla | HR/BS | Starf heilsueflingarnefndar orðið fast í sessi og hún hefir fest árleg verkefni í sessi með nemendum og starfsmönnum. Næsta skref er að huga að hafragraut í boði fyrir nemendur – þarf fjármagn. |
| Jafningjafræðsla gegn fordómum | ÁG | Undirbúningsfasi hafinn hjá námsráðgjöfum og nemendaráðgjöfum, í vinnslu næsta skólaár. |
| 50 ára afmæli Garðaskól | HR/ÓÁG | Undirbúningsfasa lokið og vinnuhópar komnir af stað fyrir haustið 2016 |
| Listadagar 2016 | IAA | Lokið |
| Umsjón/lífsleikni | IAA, HMÓ, ÁHH | Uppgjöri skólaárs lokið og breytingar skilgreindar. Nýtt form fer í vinnslu næsta skólaár þar sem hlutverk umsjónar er afmarkað betur og lífsleikni fer meira út í faggreinarnar. |
| Upplýsingamennt | HR | Mikil framvinda í vetur og kennsluráðgjafi hefur sett skýrar áherslur fyrir næsta skólaár. Áfram í vinnslu. |
| Umhverfisstefna Garðaskóla | BS | Umhverfisnefnd skilaði stöðumati á starfsmannafundi í júní. Lokaskref í flokkunarmálum tekin í ágúst 2016 og hugað að eflingu umhverfisnefndar með aðkomu nemenda haust 2016. |
| Starfsfræðsla | AS | Mati á GERT verkefni skólaársins lokið og styrkur til framhalds tryggður. Verkefnið vel heppnað en þarf að breyta tímasetningum á vettvangsferðum nemenda. Þróun lokið og tryggt að starfið verður fest í sessi. |
| Velferð barna og unglinga | BS | Höfum náð saman regnhlíf utan um mál sem varða velferð, jafnrétti og kynheilbrigði. Velferðarnefnd starfar í skólanum og heldur utan um fræðslu, bakkar upp Nemendaverndarráð skólans. Þróun lokið en áfram verður unnið að því að festa verkferla í sessi. Afmarkaðir verkþættir í vinnslu hjá námsráðgjöfum, nemendaverndarráði og velferðarnefnd. |
| Sviðslistir í Garðaskóla | HMÓ | Sett í bið. |

Í lok skólaárs hélt vinnuhópurinn lokafund með Dave þar sem skólastjóri dró saman hugmyndavinnu ársins til að skerpa áherslur fyrir næsta skólaár. Niðurstaðan af þessu er að eftirfarandi áætlanir verða í forgangi skólaárið 2016-2017:

| **Verkefni** | **Ábyrgðaraðili** | **Staða máls í lok júní 2016** |
|---|---|---|
| Hæfnimiðað nám og námsmat | IAA | |
| Lestrarstefna garðaskóla | GÞF | |

| | | |
|---|---|---|
| Uppbygging upplýsingavers | IAA, HR | Hugmyndavinnu stjórnenda lokið, kynningu til embættismanna lokið, næstu skref eru samþykkt í fjárhagsáætlun 2017 og hugmyndavinna með nemendum, kennurum og öðru starfsfólki. |
| Upplýsingaflæði | BS | Uppgjöri lokið á breytingum vetrarins: upplýsingatöflur á starfsmannagangi, fréttabréf og vefmiðlar, fundarstjórn og –skipulag. Deildarstjóri verkefna, nýtt starfsheiti, ráðinn fyrir næsta vetur og honum ætlað að þróa enn betur flæði upplýsinga í daglegu starfi. |
| Jafningjafræðsla gegn fordómum | ÁG | Undirbúningsfasi hafinn hjá námsráðgjöfum og nemendaráðgjöfum, í vinnslu næsta skólaár. |
| Velferð barna og unglinga | BS | Höfum náð saman regnhlíf utan um mál sem varða velferð, jafnrétti og kynheilbrigði. Velferðarnefnd starfar í skólanum og heldur utan um fræðslu, bakkar upp Nemendaverndarráð skólans. Þróun lokið en áfram verður unnið að því að festa verkferla í sessi. Afmarkaðir verkþættir í vinnslu hjá námsráðgjöfum, nemendaverndarráði og velferðarnefnd. |

**Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun**
Í umsókn um verkefnið var stefnt að gerð þriggja ára áætlunar en slík áætlun er ekki niðurstaða verkefnisins. Teymið í Garðaskóla upplifði það sem sinn helsta vanda í stefnumótunarvinnunni að vera hugsa um of marga þætti í einu. Það fór þvi meiri orka í að hugsa um minna og til skemmri tíma í einu og því er afraksturinn áætlun til styttri tíma. Einnig var það þátttakendum lærdómsríkt að læra hversu oft þarf að endurskoða settar áætlanir til að bregðast við þeim frávikum sem upp koma.

**Mat á verkefninu**
Verkefnið gekk vel og allir þátttakendur voru ánægðir. Skýr niðurstaða er af vinnunni og má sjá skýrari áætlanagerð í starfsáætlun skólans í kjölfar verkefnisins. Lykilteymið í Garðaskóla mun nýta þau vinnubrögð sem lærðust á námskeiðunum með Dave áfram.

**Ráðstöfun styrks þ.e:**

Heildarupphæð styrks var 580.000 kr.

## Yfirlit um nýtingu fjármagns

| Dags | Skýring | Upphæð | | |
|---|---|---|---|---|
| 10.8.2015 | Gló, fyrir starfsmenn | 22.485 | | greitt |
| 10.8.2015 | Nauthóll með DA og Gulla | 24.950 | | greitt |
| 27.7.2015 | Hótel DA ágúst 15 | 78.175 | | greitt |
| ág. 2015 | Flug og bíll DA ágúst 15 | 75.114 | | Lúðvík millifærði |
| ág. 2015 | Flug DA feb 2016 | 32.735 | | Lúðvík millifærði |
| feb.16 | Hótel DA feb 2016 | 34.122 | | greitt, visa |
| feb.16 | Hertz bílaleiga | 60.001 | | greitt, visa |
| feb.16 | Flúðir, orlofshús 32 | 25.200 | | greitt, visa |
| feb.16 | Flúðir, orlofshús 33 | 19.200 | | greitt, visa |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| feb.16 | Bílastæði DA Luton | 12.980 | | Lúðvík millifærði |
| feb.16 | MIKA v. Febnámskeiðs | 81.400 | | greitt, visa |
| jún.16 | Laun DA | 106.930 | | Lúðvík millifærði |
| | **SAMTALS** | **573.292** | | |

**Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning**

Skýrari stefnumótun í starfi Garðaskóla.

Öflugra stjórnendateymi.

Ýmis gögn sem nýtt eru við stjórnun og stefnumótun, sjá viðhengi með lokaskýrslu

________________________________________________________________

23. febrúar 2017 Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla

# Aðgerðaráætlun

| Verkefni | Aðgerðir | Tímarammi | Ábyrgðar-aðili | Áætluð útkoma | Kostnaður | Eftirfylgni: hver og hvenær? | Staða máls: Rautt Appelsínugult Grænt | Mat/ athugasemd |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |

## INNIHALD NÁMSKEIÐSINS, FRAMHALD

### Að stjórna er að hlusta

Dave lagði áherslu á mikilvægi þess að leiðtogar séu jákvæðir, lausnamiðaðir og hlusti vel. Hann þjálfaði okkur í **T-GROW samtalstækni**:
T – topic (hvert er vandamálið?)
G – goal (hvert viltu stefna?)
R – reality (hver er staðan í raun?)
O – options (hvaða valmöguleikar eru í stöðunni?)
W – will (hvað viltu gera? ertu tilbúinn að skuldbinda þig?)

> Mikilvægt fyrir styðjandi stjórnanda.
>
> Gott að þjálfa í lykilhópnum.

### Meira um stöðu leiðtogans

- sjálfsþekking
- gildi hópsins og samstarfsins
- jákvæðni og lausnamiðun

### Hver dagur skiptir máli (FISH)

- ákveddu á hverjum degi hvernig þú ætlar að vera
- vertu til staðar fyrir aðra
- gerðu daginn góðan fyrir einhvern
- gerðu eitt í einu, og skemmtu þér!

### Aðgerðaráætlanir

Hópurinn vann nokkrar aðgerðaráætlanir að fyrirmynd sem Dave gaf og notuð hefur verið með góðum árangri í Shoeburyness High School. Í aðgerðaráætlun koma eftirfarandi atriði fram:

- Heiti verkefnis
- Verkþættir
- Tímarammi
- Ábyrgðaraðili
- Áætluð útkoma
- Kostnaður
- Áætlun um eftirfylgni
- Staða máls

> Mikilvægt.
>
> Tekur tíma og þarf að fá sitt svigrúm í samstarfinu.

50 ÁRA GARÐASKÓLI GARÐABÆ

FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR



# ÞRÓUNARÁÆTLUN GARÐASKÓLA

## LEIÐTOGAÞJÁLFUN LYKILHÓPS STARFSMANNA GARÐASKÓLA.

Verkefni styrkt af Þróunarsjóði Grunnskóla í Garðabæ.

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri, 24. október 2016

## MARKMIÐ VERKEFNISINS

Markmið verkefnisins var að skapa sameiginlega framtíðarsýn innan hópsins og veita þátttakendum þjálfun í verkefnastjórnun. Titill fyrra námskeiðsins var *Achieving the vision for Garðaskóli* og seinna námskeiðið var kallað *Personal effectiveness, team building and school improvement.*

## ÞÁTTTAKENDUR

**Lykilhópur starfsmanna Garðaskóla**: Stjórnendur, námsráðgjafar, kennsluráðgjafi, ritari og umsjónarmaður fasteignar. Samtals 10 manna hópur.

**Leiðbeinandi**: Dr. Dave Anderson. Fyrrverandi skólastjóri og ráðgjafi um mat og úrbætur á skólastarfi. Stjórnendur Garðaskóla komust í samstarf við Dave í gegnum Evrópusamstarfsverkefni Fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar við Shoeburyness High School í Southend on Sea í Bretlandi.

## SKIPULAG NÁMSKEIÐSINS

**Ágúst 2015**: Tveggja daga námskeið í Garðaskóla, unnið á bókasafni skólans. Námskeiðið var haldið áður en kennarar komu til starfa. Dagskráin var frá kl. 9-15, matarhlé í hádeginu og styttri kaffihlé.
**Febrúar 2016**: Tveggja daga námskeið á Flúðum (föstudagur til laugardags). Lagt var af stað á föstudagsmorgni, hópurinn ók saman á Flúðir þar sem tveir bústaðir höfðu verið leigðir. Unnið var í öðrum bústaðnum og sofið í báðum. Dagskrá námskeiðsins var frá kl. 13-19 á föstudeginum og 9-15 á laugardeginum.
**Júní 2016**: Tveggja tíma fundur í Southend on Sea. Starfsmenn voru staddir þar í skólaheimsókn og nýttu tækifærið til að gera upp námskeiðið með Dave.
**Milli námskeiða** unnu starfsmenn úr þeim gögnum sem Dave kynnti og löguðu að starfi sínu og Garðaskóla.

## INNIHALD NÁMSKEIÐSINS

### *Sjö venjur til árangurs*

Dave skipulagði námskeiðið út frá kenningu Dr. Steven Covey um sjö venjur til árangurs (sjá Franklin Covey á Íslandi: http://www.franklincovey.is/7-venjur-til-arangurs). Venjurnar leggja skýra leið frá markmiði til árangurs og lífsfyllingar. Dave lagði út frá hverri venju og sýndi ýmis verkfæri sem nýta má til að framkvæma venjuna.

### *Stefnan sett*

Verkefni sem hópurinn vann til að setja sér markmið og finna sameiginlega stefnu voru t.d.:

- fyrirlestur Dave um ólíkar gerðir stjórnenda
- verkefnið „Hvar ert þú í trénu?"
- SVÓT greining hópsins á Garðaskóla. Út frá niðurstöðum þessarar greiningar ákvað hópurinn að vinna áætlun um að bæta upplýsingaflæði í þeim verkefnum sem eftir voru á námskeiðunum.

### *Forgangsröðun og skipulag*

Dave fjallaði um mikilvægi þess að skipulag daglegra starfa væri skýrt og sýnilegt. Hann lagði til að fyrirliggjandi verkefni væru kortlögð skv. tveimur þáttum: Er verkefnið áríðandi? Er verkefnið mikilvægt?






MIKIL VÆGT
Lesa saman vinnuskýrsl
& yfirlitsskjal
Skjárarpi 2016
Tilkynning
Starfsáætlun - mið sept
Aðgerðaráætlanir
GP: Southend, Námsmat
Heilsuefli-Landlækn.
Kári + Ólöf
- tími
- borðt. borð
Þróunarsjóður
GERT
RIFF
Velferð
„Umræðuhorn"
ÁRÍÐANDI
Forv.nefnd - styrkumsókn
Skólanámskrá -> vef -> KG
Fjárhagsáætlun -
Garðalundur 2,5M
Handbók starfsm
Fáni GS?
Kennslustundaryfirl
Heimsóknir í hópa
Prófórk
Kristian: Handbók
Ingimar: Starfsáætl
Sigrún: Skólanámskrá
Skipulagsdagur kennara
Menntadagur í Garðabæ
Dagskrá vikunnar, 24.-28. október 2016
STARFSÁÆTLUN NEFNDAR 20